

GJALDSKRÁ

fyrir Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

1. gr.

Gjald fyrir kúasæðingar er 1,7% af afurðarstöðvarverði mjólkur, auk þess er:

- gjald á sædda kú í skýrsluhaldi	kr. 1.100
- gjald á sædda kú utan skýrsluhalds	" 2.200
- gjald á sædda kú þar sem ekki er mjólkurframleiðsla	" 5.000
- viðbótargjald á holdanautasæðingu	" 1.000

2. gr.

Ýmis konar útseld vinna eða sérhæfð þjónusta og ráðgjöf fyrir einstaklinga og fyrirtæki s.s. áætlanagerð, matsgerðir, umsóknir, vottorð, mælingar og fleiri verkefni er undir lögin falla, tímagjald allt að kr. 5.500

3. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku, skv. 1. og 2. gr.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. mgr. 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og tekur þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá dags. 21. júlí 2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. júlí 2004.

F. h. r.
Níels Árni Lund.

Atli Már Ingólfsson.